



HEIMAEY- KERTAVERKSMIÐJA

Heimaey er verndaður vinnustaður samkvæmt skilgreiningu laga þar um (nr.59/1992).

MARKMIÐ OG HUGMYNDAFRÆÐI

Markhópur Heimaeyjar er fólk með **75% örorku/fötlun** á aldrinum (16) 18 – 67 ára. Ástæður örorku hjá þessum hópi geta verið margvíslegar, s.s. þroskahömlun, geðfatlanir, sjúkdómar og annað það er valdið getur örorku.

Hugmyndafræðin sem unnið er eftir gengur einkum út á að veita fólki ákveðna stoðþjónustu bæði félags- og verklega, allt eftir þörfum hvers og eins, með aukinn möguleika þeirra á vinnumarkaði að markmiði.

TEGUND ÞJÓNUSTU

Starfsemin er opin frá kl. 8-17, en lokað er í hádeginu. Heimild er fyrir **5.5** föstum stöðugildum öryrkja/fatlaðra. Þessi heimild er hækkuð á tímabilinu 1. september- 31. janúar í **6.5** stöðugildi, þ.e. tímabundið, meðan mesta álagið er í kertaverksmiðjunni. Einnig hefur Ams-fulltrúi heimild fyrir einu 50% stöðugildi á ársgrundfelli, samtals í 3 mánuði. Með þessum auka stöðugildum opnast svigrúm til að taka fólk inn tímabundið, þ.e. í starfsþjálfun eða endurhæfingu án þess að um langtímaráðningu sé að ræða. Á haustin eru í boði einföld verkefni, tengd þökkun, sem henta breiðari hópi starfsmanna en þeim sem almennt er að vinna í Heimaey.

Í byrjun maí 2009 var gengið formlega frá samkomulagi milli Starfsmannafélags Vestmannaeyjabæjar (STAVEY) og Vestmannaeyjabæjar vegna fatlaðra starfsmanna Heimaeyjar og njóta þeir nú allra réttinda sbr. samning þennan. Helstu áherslur samkvæmt samningnum er að veita tímabundna **starfsþjálfun/starfsendurhæfingu** og/eða **langtímastörf**.

Starfsþjálfun/starfsendurhæfing

Starfsþjálfun/starfsendurhæfing er ætluð einstaklingum á aldrinum **16-65** ára. Starfsþjálfunin er tímabundin og er í 1- 3 mánuði í senn. Hægt er að framlengja tímabundna ráðningarsamninga ef þörf er talin á lengri þjálfun eða ef bið er eftir öðrum atvinnuúrræðum. Í starfsþjálfun er greidd 30% af launum fyrsta mánuðinn í þjálfun. Eftir það fer fram starfsmat og laun geta hækkað út starfsþjálfunartímabilið í 50% ef það er niðurstaða matsins. **Hámarks** vinnutími er 4 tímar á dag, alls 20 tímar á viku eða 50% starfshlutfall. **Lágmarks** vinnutími er 4 tímar á viku, eða 10% starfshlutfall.

Ótímabundin ráðningasamningur

Ótímabundnir ráðningasamningar eru ætlaðir starfsmönnum á aldrinum **18-67** ára sem að lokinni starfsþjálfun komast ekki, eða hafa ekki áhuga á að fara á aðra vinnustaði. Við ráðningu fer fram ákveðið starfsmat (Hlutverksmatið) þar sem starfsgeta hvers einstaklings er metin. Menn eru með því metnir í 4 flokka; 30%. 50%, 70%, eða 90% starfsgetu. Mat á starfsgetu starfsmanns er hluti af ráðningasamningi. Endurmat skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Starfsmaður getur óskað eftir nýju starfsmati þegar a.m.k. sex mánuðir eru liðnir frá því að starfsmat var síðast gert. Laun eru greidd í hlutfalli við metna starfsgetu og vinnutíma viðkomandi einstaklings.

Hlutfall vinnuframlags og þjónustu

| Hlutfall framleiðslu og þjónustu | Hlutfall þjálfunar og leiðsagnar |
|----------------------------------|----------------------------------|
| 90% | 10% |
| 70% | 30% |
| 50% | 50% |
| 30% | 70% |

Þarna er átt við virkan vinnutíma. Einstaklingur með 30% vinnugetu er t.d. talinn vinna við framleiðslu eða þjónustu 30% vinnutímans en þurfa á leiðsögn og þjálfun að halda 70% tímans. Framleiðsla eða þjónusta annars vegar og þjálfun eða leiðsögn hins vegar eru þó ekki aðgreind í daglegu starfi, heldur samþætt. Starfsgeta starfsmanns með ótímabundna ráðningu þarf að vera a.m.k. 30% skv starfsmati. Vinnutími er að hámarki 4 tímar á dag, alls 20 tímar á viku eða 50% starfshlutfall. Í sérstaka tilfellum getur verið samið um hærra starfshlutfall. Lágmarks starfshlutfall er 10% eða 4 tímar á viku. Launaflokkur starfsmanna í starfsþjálfun og með ótímabundna ráðningu hjá kertaverksmiðjunni er nú launaflokkur 115 og tekur sömu breytingum og kjarasamningur LN og Samflots. (Heimild: texti í samkomulagi milli STAVEY og Vestmannaeyjabæjar)

STARFSMANNAHALD Í HEIMAEY

Faglærðir starfsmenn fjöldi og stöðugildi

- Ráðgjafaproskapjálfi frá ráðgjafapjónustu veitir ráðgjöf til starfsmanna í ca.30% stöðu

Ófaglærðir starfsmenn fjöldi og stöðugildi

- Forstöðumaður í 100% stöðu
- Verkstjóri þjónustunotenda í 100% stöðu
- Skrifstofumaður í 75% stöðu

Fjöldi notenda þjónustu og stöðugildi

- Níu starfsmenn í samanlagt 5.5 stöðugildi